

1873.

23. maí.

skýrt frá, að þær samkvæmt tilmælum stiðtsyfirvaldanna uppá væntanlegt samþykki stjórnarráðsins hafið látið greiða úr jarðabókarsjóðnum styrk þann, sem cand. theologiæ Eiríki Briem var veitt loforð fyrir með bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 8. febrúar 1870¹ fyrir útleggingu á riti eptir *Dr. F. G. Lisco*, sem heitir *den kristelig apostoliske Troesbekjendelse*, og er skólameistari við hinn lærða skóla, Jens Sigurðsson, hafið látið sér lynda, hvernig frá útleggungunni var gengið, — en hún er 16 arkir að stærð, og styrkurinn 12 rd. fyrir hverja örk — hafið þær nú mælt til, að stjórnarráðið samþykki, að upphæðin öll, sem er 192 rd., verði greidd af því fæ, sem á þessu reikningsári er ætlað til óvissra útgjalda.

Útaf þessu skal yður tilkynnt, að stjórnarráðið fellst á ráðstafanir yðar í þessu máli.

23. maí.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði².

Eptir að það var orðið uppvíst við próf, sem haldið var við lögreglurétt Snæfellsness og Hnappadalssýslu, að fimm skipverjar af skipinu *Marie Desirée S. B. Nr. 28* frá *Porteux*, sem skipstjórnarmaður *Giquel* ræði fyrir, hafi einusinni sumarið 1870 gengið á land í Melrakkaey í Grundarfirði, sem heyrir Setbergs prestakalli til, skemmt það æðarvarpið og rænt úr því, mæltist dómsmálastjórnin til við utanríkisstjórnina, að hún vildi leitast til um, að spillvirkjar þessir yrði dregnir fyrir dóm úti á Frakklandi og þeim hegnt fyrir verkið. Frá tæðu stjórnarráði höfum vèr nú fengið bréf, sem hinn frakkneski utanríkisstjórnar-ráðherra hefir skrifað hinum konunglega sendiherra í París, og fylgir með því útskrípt af bréfaskríptum yfirvalda á Frakklandi og rann-

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 5.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 253.

sóknum þeirra um þetta mál. Af útskrift þessari sèst, að frakkneska stjórnin álitur, að nægar skýrslur sè eigi komnar fram til þess að draga nokkurn fyrir dóm, og ber því upp fyrir dönsku stjórninni, hvort hún vili leitast við að láta skýra málið betur.

Jafnframt og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, útskrift af fyrnefndu prófi, sem haldið var við lögreglurètt Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt með skjölum þeim, sem komu frá utanríkisstjórninni og sem eru 16 alls, mælumst vèr til, að þèr berið yður saman við amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu og fhugið, hvort nokkur von sè um, að útvegaðar verði nægar skýrslur um mál þetta með því að halda nýtt próf, að fengizt geti lagasönnur fyrir því, hvort skipverjar af fyrnefndu skipi, og þá hverir af þeim hafi brotið gegn íslenzkum veiðilögum, eigi að eins í það skipti, sem hèr er um að ræða, heldur einnig við önnur tækifæri, og ef svo er, mælumst vèr til, að þèr látið taka nýtt próf, og segið álit yðar um mál þetta, um leið og þèr sendið hingað aptur meðfylgjandi útskrift og skjöl frá Frakklandi.

1873.

23. maí.

40. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um giptingarleyfi fyrir prest.

27. maí.

Eptir að hingað hafði borizt bænarskrá, sem biskupinn yfir Íslandi hafði sent til stjórnarráðsins, hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt, 21. þ. m. allramildilegast að leyfa, að sóknarpresturinn að Völlum í Eyjafjarðar sýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, Páll Jónsson, megi ganga að eiga Önnu Sigríði Jónsdóttur, enda þótt hún hafi ratað í einfalda legorðssök.

Um leið og vèr sendum yður meðfylgjanda leyfisbréf, sem gefið er út um þetta, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að það verði fengið í hendur Páli presti Jónssyni